


Ársskýrsla Meðferðarteymis barna við Heilsugæsluna Efra-Breiðholti fyrir árið 2010.


Meðferðarteymi barna hóf starfsemi sína haustið 2007 og var þá lögð töluverð vinna í að skipuleggja og skilgreina starfsemina og útbúa kynningarblöð og vinnureglur. Má kynna sér verklag og útfærslu betur í eldri ársskýrslum Meðferðarteymis barna. Meginhlutverk Meðferðarteymisins er að veita börnum á aldrinum 0 -18 ára, mæðrum á meðgöngu og barnafjölskyldum í Efra-Breiðholti geð- og sálfélagslega þjónustu með ráðgjöf, meðferð og eftirfylgd í samstarfi við aðrar fagstéttir stöðvarinnar. Í meðferðarteyminu starfar heimilislæknir, sálfræðingur, og hjúkrunarfræðingur / ljósmóðir eftir því sem við á. Heimilislæknir er sá aðili sem getur vísað barni og fjölskyldu þess eða móður á meðgöngu í teymið og er hann alltaf hluti af teyminu. Flestar tilvísanir sem bárust í Meðferðarteymi barna árið 2010 komu frá heimilislæknum Heilsugæslunnar í Efra-Breiðholti enda hafa flestar barnafjölskyldur í hverfinu heimilislækni á stöðinni. Aðeins lítið brot mála barst frá heimilislæknum utan stöðvar fyrir börn og fjölskyldur sem eiga lögheimili í hverfinu. Sjá fyrri skýrslur Meðferðarteymis barna í Efra-Breiðholti.

Kynjaskipting í meðferðarteymið 2010.




Heildarfjöldi tilvísana sem barst Meðferðarteyminu árið 2010 voru 104 tilvísanir. Tilvísanir yfir drengi voru 31. Tilvísanir yfir stúlkur voru 35. Tilvísanir yfir mæður á meðgöngu og / eða foreldra voru 38.

Fjöldi tilvísana eftir aldri 0 – 18 ára.




Dreifing tilvísana eftir aldurshópum sýna að flestar tilvísanir bárust í aldurshópinn 14-18 ára eða alls 26 mál. Í aldurshópinn 10-13 ára var 15 börnum vísað. Í aldurshópinn 6-9 ára var 21 börnum vísað. Í aldurshópinn 2-5 ára var 4 börnum vísað. Í aldurshópinn 0-1 árs var engu barni vísað í meðferðarteymið.

Tilvísanir yfir mæður fyrir og eftir fæðingu ásamt foreldrum vegna sértækra vandamála.




Meðferðateyminu bárust 38 tilvísanir yfir mæður og foreldra. Tilvísunarefnið var depurð / þunglyndi og kvíði. Tvær tilvísanir bárust yfir skildgreint fæðingarþunglyndi.

Fjölskyldugerðir



Fjölskylduaðstæður einstaklinga sem vísað var til meðferðateymisins sýna að rúmur helmingur kom frá heilli og óbrotinni fjölskyldugerð eða (55) 53 %. Hlutfall tilvísana fyrir einstaklinga sem skilgreinast sem einstæð fjölskylda var (47) 45 % en aðeins lítið hlutfall einstaklinga kom frá stjúpfjölskyldu eða (2) 2 %.


Tilfni tilvísana



Tilvísanir til Meðferðarteymisins flokkast eftir eðli máls en helstu 7 flokkar sem stuðst er við eru: kvíði/sállíkamleg einkenni, depurð/þunglyndi, kreppa/áföll, fæðingarþunglyndi, uppeldis- og/ eða fjölskylduvandi, A(MO)/misþroski/þroskatengdur vandi/, skóla- og /eða félagstengdur vandi.

Flest tilfni tilvísana bárust innan kvíða- og / sállíkamlegra einkenna (53). Þar næst vegna depurðar og/ þunglyndis (23), uppeldis- og/ eða fjölskylduvanda (15), A(MO)/ misþroska- og/ eða þroskatengds vanda (7), skóla- og/ eða félagstengdur vandi (3), fæðingarþunglyndis (2), kreppu- og/ eða áfalla (1).


Allar tilvísanir sem bárust Meðferðateyminu 2010 flokkaðar eftir tilefni og kyni.



Flest tilefni tilvísana drengja voru innan kvíða-og/ sálíkamlegra einkenna (11). Þar næst vegna depurðar- og / þunglyndis (5) og A(MO)/ misþroska- og þroskatengdsvanda (6), uppeldis- og/ eða fjölskylduvanda (5), skóla- og/ eða félagstengds vanda (3), kreppu og / áfalla (0).

Flest tilefni tilvísana stúlkna voru innan kvíða- og/ sálíkamlegra einkenna (43). Þar næst vegna depurðar- og/ þunglyndis (18), uppeldis- og/ eða fjölskylduvanda (8), fæðingarþunglyndis (2), A(MO)/ misþroska-og/ eða þroskatengdsvanda (1), kreppu- og/ eða áfalla (1), skóla- og / eða félagstengds vanda (0).

Nálgunaraðferðir



Einstaklingsmeðferð var veitt í 76 tilvika. Fjölskyldumeðferð var veitt í 6 tilvika. Ráðgjöf vegna einstaklings, fjölskyldu- og utan stofnunar var veitt í 22 tilvika.

Móttaka mála

Biðtími frá móttöku tilvísunar til fyrsta viðtals var að jafnaði frá 1 degi og upp í 20 daga. Í sumum tilfellum var biðtíminn lengri. Tímasetning viðtals réðst þá fyrst og fremst af því hvað hentaði fjölskyldunni eða einstaklinginum. Meðaltal viðtala var 6 viðtöl en í sumum tilfellum 10 – 19 viðtöl eða fleiri. Heildarsamskipti á hverja tilvísun var ca 8 – 10 skipti en í sumum tilfellum voru samskiptin í lengri tíma. Í nokkrum tilfellum var boðað til fundar vegna mála sem tengdust grunnskóla- eða þjónustumiðstöð Breiðholts. Einnig var börnum vísað í sérhæfðari þjónustu á vegum Þroska- og hegðunarsviðs heilsugæslunnar og Barna- og unglingageðdeildar Landspítalans.

Samantekt og ályktanir

Alls bárust 104 tilvísanir til Meðferðateymis barna á árinu 2010 og eru þær nokkru fleiri en árið 2009 en þá bárust 92 tilvísanir. Alls bárust 66 tilvísanir yfir börn í aldurshópinum 0 – 18 ára. 31 drengur og 35 stúlkur. Til Meðferðateymisins bárust 37 tilvísanir yfir mæður sem ýmist voru á meðgöngu eða í fæðingarorlofi. Einnig bárust tilvísanir yfir mæður vegna sértækra vandamála í foreldrahlutverkinu. Innan aldurshópsins 0 – 18 ára var aldursdreifingin frá tveggja ára aldri og upp í 18 ára. Flestar bárust tilvísanirnar í aldurshópinn 14 – 18 ára eða alls 26 mál. Í yngsta aldurshópinn 0 – 1 árs barst engin tilvísun sem er einni tilvísun færri en árið 2009. Í aldurshópinn 2 – 5 ára var 4 börnum vísað og er tveimur tilvísunum færri en árið 2009.

Meðferðateyminu bárust 13 tilvísanir yfir mæður á meðgöngu og 17 tilvísanir bárust fyrir mæður í fæðingaorlofi. Tilvísanir yfir foreldra vegna sértækra vandamála sem bárust til meðferðateymisins voru 5 og 2 tilvísanir bárust yfir mæður með skilgreint fæðingarþunglyndi. Ýmist voru tilvísunarefnin kvíði eða þunglyndi hjá mæðrum.

Tilvísanir yfir drengi vegna kvíða- og/ eða sállíkamlegra einkenna voru nokkrum tilvísunum færri í ár en árið 2009. Sama á við um efnisflokkinn depurð -/ og þunglyndi en drengir í efnisflokknum skóla - og/eða félagstengdur vandi eru þremur drengjum fleiri nú en árið í fyrra. Tilvísanir yfir stúlkur eru í ár að fjölda til jafn margar og árið 2009. Flestar voru tilvísanirnar í efnisflokknum kvíði- og /eða sállíkamlegur vandi. Þar næst var vísað vegna depurðar og þunglyndis. Engin tilvísun barst vegna tilefnisins skóla- og / eða félagstengdur vandi en fleiri stúlkum var vísað vegna uppeldis- og / eða fjölskyldutengds vanda. Tilvísanir yfir mæður á meðgöngu- og / eða eftir fæðingu voru fleiri í ár í samanburði við árið 2009.

Kvíði- og/eða sállíkamleg einkenni ásamt depurð- og/ eða þunglyndi koma því mun oftari fyrir hjá stúlkum en drengjum. Kynjamunurinn er því mestur í efnisflokknum kvíði- og/eða sállíkamleg einkenni. Færri tilvísanir eru vegna kvíða- og/eða sállíkamlegra einkenna á árinu 2010 samanborið við 2009 hjá drengjum og sama á við um depurð- og/ eða þunglyndi. Aftur á móti eykst fjöldi tilvísana í sama efnisflokki hjá stúlkum á milli ára. Yngsta aldurshóp barna er í mun minna mæli vísað í Meðferðateymi barna ef borið er saman við aðra aldurshópa teymisins.

Ef tekið er tillit til allra efnisflokka sem vísað var í Meðferðateymi barna er tilhneiging til að draga þá ályktun að kvíði- og/eða sállíkamleg einkenni séu helsta ástæða tilfinningalegra vandamála hjá börnum og mæðrum/ foreldrum sem vísað var í teymið. Óháð aldri, eiga stúlkur þannig oftari við kvíða og depurð og/eða þunglyndi að glíma en drengir. Meðferðarformið sem oftast var veitt var einstaklingsmeðferð og þá annað hvort í formi samtalsmeðferðar eða stuðningsviðtals. Allt eftir eðli hvers máls. Þar næst var sálfræðileg ráðgjöf veitt einstaklingum og fjölskyldum. Fjölskyldumeðferð var veitt í nokkrum tilvikum. Í öllum tilvikum þeirra barna sem vísað var í Meðferðateymið verður fjölskylda barnsins samtímis aðili í meðferðarferlinu.